

Miðvikudaginn 21. apríl 1993.

Nr. 259/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Hilmari Sigurðssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjársvik. Fjárdráttur. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1992 að ósk ákærða, en jafnframt af ákærvalds hálfu til þyngingar refsingar og staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öllu öðru leyti en því, að rétt þykir, að ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að ákærði, Hilmar Sigurðsson, greiði einn allan sakarkostnað, sem ákveðinn var í héraðsdómi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. febrúar 1992.**

Ár 1992, föstudaginn 28. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómarar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 94/1992: Ákærvaldið gegn Hilmari Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 5. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. febrúar 1991, á hendur ákærða, Hilmari Sigurðssyni, Nýlendugötu 23, Reykjavík, kt. 220162-5679, „fyrir fjársvik með eftirtöldum hætti:

## I.

Fengið Byggingavöruverslun Kópavogs hf., BYKO, Skemmuvegi, Kópavogi, til að stofna til lánsviðskipta við fyrirtæki ákærða, Transit hf., Reykjavík, með starfsaðstöðu að Trönuhrauni 8, Hafnarfirði, en ákærði var einn af eigendum þess og aðalstjórnandi, og gekk hann í persónulega ábyrgð fyrir Transit hf. með ábyrgðaryfirlýsingum, dagsettum 7. júlí og 1. ágúst 1989, en leyndi því, að hann var eignalaus, og var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta í skiptarétti Reykjavíkur með úrskurði 18. ágúst 1989, og síðan tekið út hjá BYKO á tímabilinu apríl til og með október 1989 vörur fyrir allt að 10.473.783 kr., en skuldastaðan í lok tímabilsins var 5.303.801 kr., sem Transit hf. var ókleift að greiða, sökum þess að það var orðið illa statt fjárhagslega og stefndi í gjaldþrot, og var óskað eftir gjaldþrotaskiptum fyrirtækisins með bréfi stjórnar þess til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 7. maí 1990, og úrskurður þar um kveðinn upp í skiptaréttinum 26. júní 1990.

## II.

Séð um, að gerðir voru af hálfu Transit hf. kaupsamningur við eftirtalda aðila um kaup þeirra á sumarhúsum af gerðinni Gisella Island, sem Transit hf. framleiddi, án þess að nokkuð væri gert af hálfu fyrirtækisins til að efna samningana, heldur notaði ákærði andvirði þeirra til að rétta af annan hallarekstur fyrirtækisins, sem var illa statt fjárhagslega, eins og fyrr greinir, og stefndi í gjaldþrot:

1. Kaupsamningur við Braga Magnússon, Arahólum 6, Reykjavík, dagsettur 26. september 1989. Kaupverð, 1.185.000 kr., greitt með peningum og víxlum, sem seldir voru af ákærða og notaðir sem fyrr greinir. Þá var einnig á sama tíma gerður munnlegur viðbótarsamningur um stækkun á húsinu, og fékk ákærði greitt til þess með skuldabréfi, að fjárhæð 1.069.000 kr., sem hann seldi Kaupþingi hf., Reykjavík, 28. september 1989, en notaði andvirðið til annars, eins og greint hefur verið.

2. Kaupsamningur við Davíð Guðbergsson, Ljósheimum 3, Reykjavík, dagsettur 21. júní 1989. Hið selda átti samkvæmt samningnum að afhenda 5. september 1989. Kaupverð, 2.269.000 kr., greitt með peningum, 950.000 kr., 3. maí 1989 og skuldabréfi, 1.319.000 kr., sem ákærði seldi Kaupþingi hf. 4. júlí 1989 og notaði andvirðið eins og fyrr greinir.

3. Kaupsamningur við Kristínu Þorsteinsdóttur, Hafnargötu 5, Bakka-firði, og Þorstein Árnason, Langanesvegi 7, Þórshöfn, dagsettur 4.

september 1989. Kaupverð, 1.872.000 kr., greitt með peningum og víxlum, sem ákærði seldi og notaði sem fyrr greinir.

Teljast framangreindir verknaðir ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaðir samkvæmt II. kafla til vara við 1. mgr. 247. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, sé þeirra krafist, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —  
*Málavextir.*

Ákærði var yfirheyrdur fyrir dóminum 22. apríl sl., 19. nóvember sl. og 5. febrúar sl. Verður framburður ákærða við dómsyfirheyrslurnar nú rakinn.

I.

Ákærði vísaði þessum ákærulið á bug og kvaðst ekki telja sig hafa gerst sekan um fjárdrátt. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að hafa sótt um að komast í reikningsviðskipti við BYKO í upphafi, en reikningsviðskipti Transit hf. og BYKO hf. hófust í mars 1989. Ákærði kvað einn af starfsmönnum Transit hf. hafa sett sig í samband við BYKO á þeim tíma, er til stóð, að fyrirtækið hæfi smíði og sölu sumarhúsa. Ákærði kvaðst í upphafi sjálfur hafa rætt við starfsmann BYKO, fyrst símleidis, og síðan hafi komið maður frá BYKO og rætt við ákærða um starfsemi Transit hf. Ákærði kvað þennan aðila hafa skoðað fyrirtækið og fengið upplýsingar, út í hvað rekstur Transit hf. væri að fara með fyrirhugaðri sumarhúsasmíði og -sölu. Ákærði kvað starfsmann BYKO enga reikninga og ekkert bókhald hafa skoðað hjá Transit hf. og fulltrúi BYKO ekki óskað eftir því að fá að skoða bókhaldið, en ákærði taldi sig hafa greint þessum manni frá því í aðalatriðum, hver staða fyrirtækisins hefði verið, en ákærði taldi lausafjárstöðu fyrirtækisins ekki hafa verið góða, en eignastaða góð að sögn ákærða. Ákærði staðfesti að hafa undirritað þær tvær ábyrgðaryfirlýsingar, er í ákæru greinir. Ákærði kvað úttektarheimildir Transit hf. hjá BYKO fljótlega hafa verið auknar eftir heimsókn starfsmanns BYKO, sem að framan er getið, og þá í kjölfarið hafi ákærði undirritað fyrri ábyrgðaryfirlýsinguna. Ákærði kvað síðan hafa verið sótt um auknar úttektarheimildir hjá BYKO, og þá hafi ákærði undirritað síðari ábyrgðaryfirlýsinguna, er í ákæru greinir. Fyrri ábyrgðaryfirlýsinguna kvaðst ákærði hafa undirritað, er starfsmaður BYKO kom í heimsókn í fyrirtækið, en ákærði kvaðst ekki muna, hvaða starfsmaður BYKO hefði komið í heimsókn til Transit hf. Síðari ábyrgðaryfirlýsinguna hafi ákærði undirritað eftir símtal við starfsmann BYKO, og hafi skjalið síðan verið afhent á skrifstofu BYKO, og kvaðst ákærði telja líklegt, að annaðhvort Grímur Stefán

Runólfsson eða Árni Arnason hefði annast samskiptin við ákærða vegna síðari ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Ákærði kvaðst hafa greint starfsmönnum BYKO frá því, er ákærði undirritaði ábyrgðaryfirlýsingarnar, að ákærði ætti ekki aðrar eignir en eignarhluta sinn í Transit hf., og kvað ákærði þetta ekki hafa skipt höfuðmáli fyrir BYKO. Ákærði kvað aðila þann, sem hann ræddi við, er síðari ábyrgðaryfirlýsingin var undirrituð, hafa spurt að því, hvort ákærði ætti fasteign, og ákærði hefði greint honum frá því, að svo væri ekki. Ákærði greindi frá því, að fjármál sín, hefði aldrei borið á góma utan eitt skipti, er ákærði ræddi við starfsmann BYKO símleiðis í tengslum við undirritun síðari yfirlýsingarinnar. Ákærði kvaðst ekki vita, hvort eignastaða Transit hf. eða eignastaða ákærða hefði verið könnuð á þessum tíma, en slík könnun kunni að hafa farið fram án vitneskju ákærða. Ákærði kvaðst þannig aldrei hafa leynt BYKO því, að hann hefði verið eignalaus, en bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 18. ágúst 1989. Ákærði kvað gjaldþrot Transit hf. hafa borið að svo sem lýst er í ákæru.

Ákærði kvaðst einn hafa annast daglegan rekstur Transit hf. og aðrir stjórnarmenn þar ekki komið nærri, og hið sama eigi við um samskipti Transit hf. við BYKO. Ákærði kvað ekki hafa verið haldna stjórnarfundi. Ákærði kvað hafa verið gerða ársreikninga fyrir Transit hf. fyrir árið 1988, en ekki fyrir árið 1989. Síðar kvað ákærði, að ársreikningar hefðu verið gerðir fyrir hvorugt árið.

Ákærði kvaðst ekkert hafa um framburð vitna að segja um það, að ekki hefði komið til greina, að BYKO tæki við ábyrgðaryfirlýsingum frá ákærða, ef fyrirtækin hefði verið kunnugt um eignastöðu hans, en vitnaframburður þessi verður rakinn síðar. Ákærði kvað eignastöðu sína ekki hafa borið á góma við undirritun fyrri ábyrgðaryfirlýsingarinnar, heldur einungis símleiðis í tengslum við síðari ábyrgðaryfirlýsinguna, svo sem rakið var að framan. Ákærði kvað það ekki hafa komið sér undarlega fyrir sjónir, að BYKO tæki gildar ábyrgðaryfirlýsingar ákærða, þrátt fyrir það að fasteign Transit hf. í Hafnarfirði var þá mjög veðsett og að gjaldþrot vofði yfir ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa talið gjaldþrot vofa yfir sér, þar sem ákærði hefði ætlað að greiða úr þeim málum. Ákærði kvaðst ekki hafa greint starfsmönnum BYKO frá hinu yfirvofandi gjaldþroti.

Ákærði kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær úttektir Transit hf. hófust hjá BYKO, en telja líklegt, að þær hafi hafist 4. apríl 1989, svo sem gögn málsins bera með sér, og að úttektirnar hafi m. a. verið vegna undirbúnings á sumarbústaðasmíði Transit hf. Ákærði kvaðst ekki geta fullt um heildarúttektir Transit hf. á því tímabili, er í ákæru greinir, en taldi líklegt, að úttektin hefði numið 10.473.783 kr., og skuldastaðan í lok tímabilsins hefði verið 5.303.801 kr.

Ákærði bar fyrir dóminum 5. febrúar sl., að hann hefði gert sér grein fyrir því, hvað fælist í því að taka á sig persónulega ábyrgð, svo sem ákærði gerði með undirritun ábyrgðaryfirlýsinganna. Ákærði kvaðst hafa vonast til þess, að Transit hf. gæti greitt skuldir sínar, og ekki hafa gert sér grein fyrir fjárhagsstöðu fyrirtækisins á þeim tíma, er í ákæru greinir, og í raun ekki hugsað út í það, hvernig hann gæti greitt skuldirnar, er hann hefði gengið í persónulega ábyrgð fyrir.

Vitnið Grímur Stefán Runólfsson, Álfrólsvegi 8 A, Kópavogi, skrifstofumaður hjá BYKO, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Grímur Stefán kvað Transit hf. hafa stofnað til reikningsviðskipta hjá BYKO í byrjun apríl 1989. Grímur Stefán kvaðst telja, að ákærði hefði hringt í BYKO í því skyni að stofna til reikningsviðskiptanna. Grímur Stefán kvað almennu regluna hafa verið þá hjá BYKO, er hlutafélag stofnuðu til reikningsviðskipta, að gengið væri eftir því, að einhverjir aðilar tækjust á hendur persónulegar ábyrgðir fyrir úttektum. Grímur Stefán kvað þetta ekki hafa verið gert gagnvart Transit hf. vegna þess, að líkleg mánaðarúttekt Transit hf. hafi verið fremur lág, að verðmæti 300.000 kr. Grímur Stefán kvaðst muna eftir að hafa haft samskipti við ákærða, er stofnað var til reikningsviðskiptanna, og þá hefði borið á góma, að Transit hf. ætti fasteign í Hafnarfirði, en í ljós hefði komið, að sú fasteign var mjög veðsett. Vegna þessa hefði verið farið fram á persónulega ábyrgð ákærða og hann þá undirritað ábyrgðaryfirlýsingarnar frá 7. júlí og 1. ágúst 1989. Grímur Stefán kvaðst ekki minnst þess, að greiðslugeta ákærða hefði verið könnuð sérstaklega. Grímur Stefán vísaði á bug framburði ákærða þess efnis, að ekki hefði skipt höfuðmáli fyrir BYKO, þótt ákærði hefði greint frá því, að hann ætti ekki aðrar eignir en eignarhluta sinn í Transit hf. Grímur Stefán kvaðst ekki hafa haft hugmynd um eignastöðu ákærða og í því sambandi ekkert vitað af gjaldþroti, er þá vofði yfir ákærða. Grímur Stefán kvaðst ekki muna, hvernig á því stóð, að gengið hefði verið eftir ábyrgðaryfirlýsingum þremur mánuðum eftir, að Transit hf. stofnaði til reikningsviðskiptanna, og kvaðst Grímur Stefán ekki minnst þess að hafa spurt ákærða um eignastöðu hans og ekki muna eftir því, að ákærði hefði greint sér frá henni. Grímur Stefán kvað BYKO hafa haft aðgang að svokölluðum vanskilaskrá, en telja ólíklegt, að ákærði hafi verið á þeim lista, er BYKO hafði á þeim tíma, er ákærði undirritaði ábyrgðaryfirlýsingarnar. Grímur Stefán taldi ekki ósennilegt, að Árni Árnason, þáverandi fjármálastjóri BYKO, hefði haft einhver samskipti við ákærða vegna þessara viðskipta.

Vitnið Árni Árnason Guðmundsson framkvæmdastjóri, Fífumýri 13, Garðabæ, kom fyrir dóminn 11. nóvember sl. Vitnið var framkvæmdastjóri BYKO á þeim tíma, er í ákæru greinir. Árni kvað reikningsviðskipti Transit

hf. hafa byrjað í mars 1989, og hefði Valmundur Pálsson undirritað skjal f. h. BYKO, þar sem reikningsviðskiptin komust á. Árni kvað hafa komið þar, líklega í júlí 1989, að Transit hf. hóf að taka út vörur fyrir hærri fjárhæðir en framan af viðskiptunum, og þá hefði BYKO gengið eftir persónulegum ábyrgðum og þá fengið í hendur ábyrgðaryfirlýsingu, dagsetta 7. júlí 1989, þar sem ákærði gekk í ábyrgð fyrir skuld, allt að 4 milljónum. Árni taldi, án þess að það væri öruggt, að frá þessari ábyrgðaryfirlýsingu hefði verið gengið annars staðar en á skrifstofu BYKO, líklega í timbursölu fyrirtækisins, og skjalið síðan borist þaðan til skrifstofunnar og því ekki verið könnuð sem skyldi greiðslugeta ábyrgðaraðilans. Árni kvað síðari ábyrgðaryfirlýsinguna, sem dagsett er 1. ágúst 1989, hafa komið til á svipaðan hátt og hina fyrri. Árni kvaðst muna, að hann hefði, er hér var komið sögu, gripið inn í og nefnt við samstarfsmenn sína, að takmörk væru fyrir því, hvað hægt væri að taka út miklar vörur hjá fyrirtækinu, og að menn gætu ekki komist upp með það að taka út vörur fyrir mjög háar fjárhæðir einungis gegn því að undirrita nýjar ábyrgðaryfirlýsingar. Árni kvað Transit hf. hafa greitt inn á reikning sinn og staðið í skilum framan af viðskiptunum, en er líða tók á haustið og vanskil hefðu orðið á víxlum, hefði BYKO farið að grafast fyrir um eignastöðu ákærða og annarra stjórnarmanna fyrirtækisins. Árni kvað starfsmönnum BYKO hafa verið greint frá því, að Transit hf. hefði þegar verið búíð að selja sumar-bústaði þá, er í smíðum voru, og kvaðst Árni því hafa átt von á greiðslum frá Transit hf., sem ekki hefði orðið. Árni kvað BYKO því hafa talið, að ekki hefði verið um veruleg áhættuviðskipti að ræða, þar sem Transit hf. hefði selt sumarhúsin fyrir fram, og hefði BYKO því verið reiðubúíð að taka við skuldaviðurkenningum frá kaupendum sumarhúsanna.

Árni greindi frá því efnislega á sama veg og vitnið Grímur Stefán Runólfsson, hver væri reglan hjá BYKO, er hlutafélag stofnuðu til reikningsviðskipta. Árni kvaðst ekki muna eftir því, að einstaklingur hefði gengið í ábyrgð fyrir jafnháum fjárhæðum og ákærði. Árni kvaðst aldrei hafa rætt við ákærða um eignastöðu hans og ekki vitað, að ákærði ætti ekki aðrar eignir en hluta sinn í Transit hf.

Árni kvaðst ekki hafa komið að viðskiptum hjá Transit hf. fyrr en í nóvember 1989, er vanskil Transit hf. hafi verið orðin veruleg og fjárhagsstaða Transit hf. komin í verulegt óefni, og kvaðst Árni hafa komið í veg fyrir frekari úttektarheimildir Transit hf. hjá BYKO. Árni kvaðst ekki hafa spurt ákærða um eignastöðu, fyrr en hann fór að kanna eignastöðu ákærða og annarra stjórnarmanna Transit hf. í nóvember 1989, og þá hefði komið í ljós, að ekki hefði verið um eignamenn að ræða, sem gætu tekist á hendur persónulegar ábyrgðir. Árni kvaðst ekki hafa rætt við ákærða um eignastöðu hans á þeim tíma, er ákærði undirritaði ábyrgðaryfirlýsingarnar. Árni

kvað bæði framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra timbursölu BYKO hafa verið viðskiptafræðinga, og aðilum, er þar störfuðu, hefði áreiðanlega verið ljóst, að ekki kom til greina að taka við ábyrgð frá aðila, er væri til gjaldþrotameðferðar.

Vitnið Sigurður Egill Ragnarsson, Ljósabergi 40, Hafnarfirði, framkvæmdastjóri timburdeildar BYKO, kom fyrir dóminn 18. nóvember sl. Sigurður kvaðst muna eftir viðskiptum Transit hf. við BYKO, er í ákæru greinir. Sigurður kvaðst ekki hafa annast viðskiptin við ákærða, er þær tvær ábyrgðaryfirlýsingar, er í ákæru greinir, voru gefnar út, og ekki vita, hver hefði annast viðskiptin við ákærða, er leiddu til þess, að ábyrgðaryfirlýsingarnar voru gefnar út. Sigurður greindi frá því efnislega á sama veg og vitnin Grímur Stefán Runólfsson og Árni Árnason, hver reglan hjá BYKO væri, er hlutafélag kæmu í reikningsviðskipti. Sigurður kvaðst muna eftir því að hafa rætt einu sinni við ákærða á því tímabili, er í ákæru greinir, og kvaðst telja, að Transit hf. hefði þá verið í skilum við BYKO. Sigurður kvað ákærða hafa leitað eftir því að auka viðskiptin og að taka út vörur fyrir mun hærri fjárhæðir en heimilað var í upphafi. Sigurður kvaðst ekki muna, hvaða framkvæmdir ákærði var að fara út í, en muna vel að hafa greint ákærða frá því, að ef svo mætti verða, yrði ákærði eða fyrirtæki hans að leggja fram öruggar tryggingar að mati BYKO. Sigurður kvað ákærða aldrei hafa greint sér frá eignastöðu sinni og kvaðst telja fráleitt, að starfsmenn BYKO hefðu talið það engu máli skipta, þótt ákærði ætti ekki aðrar eignir en eignarhluta sinn í Transit hf., svo sem ákærði bar fyrir dómnum. Sigurður kvaðst telja öruggt, að aldrei hefði verið tekið við ábyrgðaryfirlýsingum ákærða, hefði starfsmönnum BYKO verið kunnugt um raunverulega fjárhagsstöðu hans. Sigurður kvaðst ekki geta svarað því, hvers vegna tekið hefði verið við ábyrgðaryfirlýsingum, undirrituðum af ákærða, en fjárhagsdeild fyrirtækisins leggi mat á þá aðila, er gangi í ábyrgðir, en sú deild fyrirtækisins hafi á þeim tíma, er í ákæru greinir, verið undir stjórn Árna Árnasonar.

Vitnið Pétur Andrésson, Kjarrmóum 24, Garðabæ, aðstoðarframkvæmdastjóri timbursölu BYKO, kom fyrir dóminn 18. nóvember sl. Pétur kvaðst ekki hafa annast nein bein samskipti við ákærða á þeim tíma, er í ákæru greinir, en hafa vitað af viðskiptum Transit hf. við BYKO og tekið ákvarðanir um að veita fyrirtækinu afslátt af einstaka vörukaupum. Pétur kvaðst ekkert vita um, hvernig stofnað var til reikningsviðskipta Transit hf. og BYKO. Pétur kvað innheimtudeild fyrirtækisins annast uppgjör og mat á ábyrgðaryfirlýsingum, svo sem þeim, er ákærði undirritaði, og kvaðst Pétur telja, að þær yfirlýsingar hefðu verið metnar á aðalskrifstofu fyrirtækisins, svo sem vanalegt sé um slíkar yfirlýsingar. Pétur kvaðst því aldrei hafa rætt við ákærða og enga hugmynd hafa haft um fjárhagsstöðu hans

á þeim tíma, er í ákæru greinir. Pétur kvað aðalkönnun á greiðslugetu þeirra, er stofni til reikningsviðskipta, fara fram, strax og stofnað sé til viðskiptanna. Pétur kvað aðalregluna hjá BYKO vera þá, er hlutafélag komi í reikningsviðskipti, að gerð sé krafa til þess, að hlutaðeigandi fyrirtæki leggi inn tryggingar. Pétur kvaðst enga hugmynd hafa um það, hvers vegna slík yfirlýsing eða trygging fylgdi ekki, er Transit hf. var tekið í reikningsviðskipti.

Vitnið Valmundur Ingi Pálsson, Hverafold 8, Reykjavík, innheimtumaður hjá BYKO, kom fyrir dóminn 18. nóvember sl. Valmundur kvaðst hafa undirritað skjal, dagsett 4. mars 1989, fyrir hönd BYKO þess efnis, að Transit hf. væri heimilt að taka út vörur í reikning fyrir allt að 300.000 kr. á mánuði. Valmundur kvaðst ekki hafa annast samskiptin við ákærða, er sótt var um að komast í reikningsviðskipti, og ekki minnst þess að hafa rætt við ákærða á þeim tíma, er í ákæru greinir. Valmundur kvaðst ekki kannast við að hafa tekið við ábyrgðaryfirlýsingunum, er í ákæru greinir, en giskaði á, að skjölin hefðu borist fyrirtækinu tilbúin, og vísaði þá til þess, að enginn starfsmanna BYKO hefði vottað skjölin. Valmundur kvaðst ekki geta sagt til um, hver hefði tekið við ábyrgðaryfirlýsingunum. Valmundur kvaðst muna eftir því, að kannað hefði verið fasteignarmat og brunabótamat fasteignar Transit hf. í Hafnarfirði, en ekki muna, hvenær það hefði verið gert. Valmundur vissi ekki, hvernig á því stóð, að Transit hf. hefði í upphafi komist í reikningsviðskipti, án þess að gengið yrði eftir ábyrgðum af hálfu BYKO, svo sem venja sé, er hlutafélög stofni til reikningsviðskipta. Valmundur kvað annaðhvort sjálfan sig eða Grím Runólfsson annast afgreiðslu ábyrgðaryfirlýsinga á skrifstofu BYKO og eftir atvikum heimila úttektir í kjölfarið, en kvaðst ekki minnst þess að hafa afgreitt ábyrgðaryfirlýsingarnar, er í ákæru greinir.

Valmundur kvað öruggt, að ákærði hefði ekki greint sér frá því, að hann ætti ekki aðrar eignir en eignarhlut sinn í Transit hf., enda augljóst, að undirritun ábyrgðaryfirlýsinga aðila með slíka eignastöðu hefði ekkert gildi og hefði aldrei verið tekin gild, enda BYKO með ábyrgðaryfirlýsingunum að leita eftir tryggingum hjá öðrum aðilum en viðkomandi hlutafélagi.

Vitnið Stefán Örn Einarsson smiður, Þórufelli 12, Reykjavík, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Stefán kvaðst hafa verið starfsmaður Transit hf. frá því í desember 1988 til áramóta 1989-1990 og einnig stjórnarmaður í Transit hf. frá því í júlí 1989 fram til þess tíma, er fyrirtækið varð gjaldþrota. Stefán kvað svið sitt hjá fyrirtækinu aðallega hafa verið að annast smíði sumarhúsa. Stefán kvað stjórnarfundi aldrei hafa verið haldna, meðan hann sat í stjórn fyrirtækisins, og hefði ákærði annast allan daglegan rekstur og fjármálastjórn fyrirtækisins á þeim tíma og hvorki Stefán né aðrir stjórnarmenn komið þar nærri. Stefán kvaðst ekki vita betur en

ákærði hefði annast viðskiptin við BYKO með stofnun reikningsviðskipta og telja ákærða einan hafa gengið í ábyrgð viðskipta Transit hf. við BYKO og telja BYKO ekki hafa farið fram á neitt meira.

Vitnið Geir Stefánsson, Ljósheimum 8, Reykjavík, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Geir kvaðst hafa verið stjórnarmaður hjá Transit hf. frá árinu 1987 og stjórnarformaður þess síðasta árið, er fyrirtækið var í rekstri. Vitnið kvað enga stjórnarfundi hafa verið haldna, og kvaðst vitnið hafa gengið eftir því við ákærða að fá í hendur gögn um fyrirtækið, en engin fengið. Geir kvað ákærða einan hafa annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins og hvorki hann sjálfur né aðrir stjórnarmenn komið þar nærri og ekki vita til þess, að annar maður en ákærði hefði annast reksturinn. Geir kvaðst ekkert vita um samskipti Transit hf. við BYKO.

Vitnið Örn Sigurðsson sölustjóri, Mávahlíð 33, Reykjavík, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Örn kvaðst hafa verið stjórnarmaður Transit hf. frá því í nóvember 1987 fram í maí 1989. Örn kvaðst engin afskipti hafa haft af stjórnun fyrirtækisins á þeim tíma, er hann sat í stjórn þess, og á því tímabili hafi ekki verið haldnir nema tveir formlegir stjórnarfundir, en þeir hafi verið haldnir vegna ítrekaðra beiðna sinna í því skyni að leggja fram reikninga fyrirtækisins og gefa út hlutabréf. Örn kvað ákærða hafa greint frá því, að bókhald fyrirtækisins væri hjá endurskoðanda og því ekki tiltækt. Örn kvað ákærða hafa annast allan daglegan rekstur og fjármála- stjórn fyrirtækisins og verið nánast einráðan og aðrir stjórnarmenn ekki komið þar nærri. Örn kvaðst enga hugmynd hafa um stofnun reikningsviðskipta Transit hf. við BYKO.

Vitnið Örn Guðmundsson kvað eiginkonu sína, Sigurbjörtu Júlíönu Gunnarsdóttur, hafa verið stjórnarmann á sama tíma og hann sjálfur, og kvað Örn hana engin afskipti hafa haft af rekstri fyrirtækisins. Sigurbjört Júlíana Gunnarsdóttir bar hjá lögreglunni 19. maí 1990, að hún hefði tekið sæti í stjórn Transit hf. til að fylla upp í réttan fjölda til hlutafélags. Sigurbjört Júlíana kvað ákærða hafa farið með „alræðisvald“ hjá fyrirtækinu.

Vitnið Guðjón Sigurðsson matreiðslumaður, Hallveigarstíg 10, Reykjavík, kom fyrir dóminn 11. nóvember sl. Guðjón kvaðst hafa verið stjórnarmaður Transit hf. frá 1. nóvember 1987, en ekki muna, hversu lengi. Guðjón kvaðst einungis hafa lánað nafn sitt og gerst stjórnarmaður fyrir beiðni ákærða, bróður síns. Guðjón kvað ákærða hafa annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, og kvaðst hann ekki hafa komið þar nærri og ekki vita til þess, að aðrir stjórnarmenn hefðu gert það heldur nema ákærði. Guðjón kvaðst muna eftir einum stjórnarfundi, er haldinn hefði verið í tengslum við það, að Erni Sigurðssyni hefði verið vikið úr stjórn félagsins. Guðjón kvaðst ekkert vita um samskipti Transit hf. og BYKO.

Vitnið Ágúst Sigurðsson atvinnubílstjóri, Sæviðarsundi 84, Reykjavík,

kom fyrir dóminn 11. nóvember sl. Vitnið kvað ákærða hafa beðið sig að taka að sér að gerast hluthafi í Transit hf. og þá í því skyni að fullnægja skilyrðum laga um hlutafélög varðandi hluthafa og fleira. Ágúst kvaðst hafa tekið þetta að sér og hafa verið skráður í varastjórn félagsins, en ekkert hafa komið nálægt rekstri þess og ekkert um reksturinn vita.

Vitnið Jóhann Jóhannsson sölumaður, Fannarfelli 4, Reykjavík, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Jóhann kvaðst hafa verið starfsmaður Transit hf. á árinu 1989 og fram í október þ. á. og m. a. annast sölu sumarhúsa. Jóhann kvað ákærða hafa annast allan daglegan rekstur og fjármálastjórn Transit hf. þann tíma, er Jóhann starfaði þar, og kvaðst hann ekki vita til þess, að aðrir stjórnarmenn hefðu komið þar nærri. Jóhann kvaðst ekkert vita um stofnun reikningsviðskipta við BYKO hf.

## II. 1.

Ákærði bar fyrir dómnum 22. apríl sl., að Jóhann Jóhannsson, starfsmaður Transit hf., hefði séð um að gera kaupsamninga vegna sumarhúsa. Ákærði kvað því rangt, er fram komi í ákæru, að ákærði hefði séð um, að kaupsamningarnir hefðu verið gerðir. Ákærði kvað Jóhann hafa gert kaupsamning við Braga Magnússon. Ákærði kvað Jóhann hafa tekið við greiðslum og afhent ákærða, sem kvaðst hafa selt skuldabréfið Kaupþingi hf. 28. september 1989, og víxlana kvaðst ákærði hafa selt í Búnaðarbanka Íslands, útibúi í Garðabæ. Ákærði kvað féð hafa verið notað í daglegan rekstur fyrirtækisins svc og til smíði sumarbústaða, en ekkert hefði verið notað til að efna kaupsamninginn við Braga Magnússon.

## II. 2.

Ákærði kvað Jóhann hafa annast samningsgerð vegna þessa kaupsamnings, en fjármunir þeir, er kaupandi innti af hendi, hefðu farið um hendur ákærða, svo sem lýst er í ákæru. Ákærði kvað féð hafa verið notað í daglegan rekstur fyrirtækisins, en ekkert hefði farið til að efna kaupsamninginn við Davíð Guðbergsson.

## II. 3.

Ákærði kvað hafa verið staðið eins að þessum kaupsamningi og tveimur hinum fyrri. Ákærði kvaðst hafa selt víxlana í banka og féð verið notað í daglegan rekstur fyrirtækisins, en ekki til að efna kaupsamninginn við Kristínu Þorsteinsdóttur og Þorstein Árnason.

Vitnið Jóhann Jóhannsson bar fyrir dómnum 1. nóvember sl., að hann sem starfsmaður Transit hf. hefði annast sölu sumarhúsa, en aldrei hefði verið selt sumarhús, án þess að kaupsamningur væri fyrst borinn undir ákærða, og allir fjármunir vegna sölu sumarhúsanna farið um hendur

ákærða. Jóhann kannaðist við að hafa selt þau þrjú sumarhús, er í ákæru greinir, en ekki hafa hugmynd um, hvernig fjármunum, er inn komu vegna þeirra, hefði verið varið. Slíkt hefði ákærði haft með höndum. Jóhann kvað ákærða hafa tekið allar ákvarðanir um afhendingartíma sumarhúsanna. Jóhann kvað sölu sumarhúsanna hafa verið haldið áfram, eftir að fjárhagserfiðleikar fyrirtækisins hófust, og hefði það verið gert í þeirri von, að rétta mætti fjárhaginn af. Jóhann kvaðst telja ákærða hafa ráðstafað fjármunum, er inn komu vegna sölu sumarhúsa, til ýmissa hluta hjá fyrirtækinu og einhver hluti þeirra farið í annað en að efna kaupsamninga vegna sumarhúsanna, og nefndi Jóhann í því sambandi kostnaðarsaman undirbúning vegna innflutnings símtækja og fleiri breytinga hjá fyrirtækinu.

Vitnið Stefán Örn Einarsson bar fyrir dómnum 1. nóvember sl., að hann hefði annast smíði sumarhúsa fyrir Transit hf. Stefán kvaðst muna eftir sumarhúsum, er Davíð Guðbergsson pantaði svo og Kristín Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Árnason. Stefán kvaðst ekki hafa unnið að smíði eða undirbúningi að smíði sumarhúss vegna Braga Magnússonar, en kvaðst minna, að það sumarhús hefði átt að afhenda á árinu 1990. Stefán kvaðst ekki vita, hvernig greiðslu þeirra þriggja aðila, er getið er í ákæru sem kaupenda sumarhúsa, var háttað. Vitnið kvað Jóhann Jóhannsson hafa annast söluna, en ákærða einnig hafa haft þar hönd í bagga.

Enginn þeirra stjórnarmanna Transit hf., er yfirheyrðir voru fyrir dómnum og getið var varðandi ákærulið I, höfðu nokkur afskipti af rekstri Transit hf., svo sem rakið var, né sölu fyrirtækisins á sumarhúsum.

Ákærði kom fyrir dóminn 19. nóvember sl. Ákærði kvað hafa orðið ljóst haustið 1989, að erfiðlega myndi ganga að standa við þá kaupsamninga, sem gerðir höfðu verið um sumarhús, og hefði sölu sumarhúsanna verið hætt um það leyti. Ákærði kveður ekki hafa verið orðið ljóst, hver fjárhagsstaða fyrirtækisins var 21. september 1989, er kaupsamningur var gerður við Braga Magnússon, og þá ekki ljóst, að fyrirtækið myndi ekki geta staðið í skilum, þótt ljóst hefði verið orðið, að fjárhagur fyrirtækisins hefði verið farinn að þrengjast. Ákærði kvað þá fjármuni, sem hann tók við vegna sölu þeirra þriggja sumarhúsa, er í ákæru greinir, hafa verið notaða til að smíða sumarhús, en ekki sérstaklega hús þeirra aðila, er gerðu þá þrjá samninga. Ákærði kvað ekki hafa verið haldið aðgreindum fjármunum hvernar sumarhúsasölu fyrir sig, heldur hefði öllum fjármunum verið blandað saman. Ákærði kvað sölu sumarhúsanna hafa farið hratt af stað og erfitt verið að halda utan um fjármálin. Ákærði kvað ástæðu þess, að ekki hefði tekist að standa við kaupsamningana, er í ákæru greinir, þrátt fyrir greiðslu kaupenda á kaupverðinu, hafa verið þá, að fyrirtækið hefði ekki fengið þá fyrirgreiðslu, er það vænti. Ákærði kvað sumarhúsin hafa verið seld með tapi, vegna þess að rekstrarkostnaður vegna framleiðslunnar

hefði farið langt fram úr áætlun. Ákærði kvað Transit hf. hafa tekið við húsunum í því ástandi, er kallast geti fókheld, en stundum hefði vantað á, að húsunum fylgdi það, er fylgja átti, og Transit hf. því þurft að leggja út í meiri kostnað vegna smíðinnar en áætlað var við einstök hús. Ákærði kvað hafa verið erfitt að halda aðgreindum fjármunum vegna hvernar einstakrar sölu sumarhúss til að auðvelda yfirlit um kostnað, vegna þess að fyrirtækið hefði á þessum tíma verið að setja á stofn verksmiðju, er smíða átti sumarhús, svo að fjármunir, sem inn komu vegna sumarhússanna, hefðu ekki verið sérgreindir. Ákærði kvað hafa verið mjög erfitt að sjá á bókhaldi fyrirtækisins, hvort það ætti fé til að efna kaupsamningana, er gerðir höfðu verið, og hefði ástæðan verið sú að sögn ákærða, að á tímabili hefðu verið í smíðum sjö sumarhús og kostnaður vegna hvers einstaks verið mjög mismunandi og ekki sérgreint yfirlit um hvert hús, svo sem að framan er rakið. Ákærði kvað enga ársreikninga hafa verið gerða fyrir árin 1988 og 1989.

#### *Niðurstöður.*

##### *Ákæruliður I.*

Ákærði hefur borið, að hann muni ekki, hvernig var staðið að því, er Transit hf. komst í reikningsviðskipti hjá BYKO hf. Dómurinn telur hins vegar sannað með framburði vitnisins Gríms Stefáns Runólfssonar og með vísan til gagna málsins að öðru leyti, að ákærði hafi fengið BYKO til að stofna til lánsviðskiptanna við Transit hf. í apríl 1989. Skilja má ákærana svo, að ákærði hafi sviksamlega stofnað til lánsviðskiptanna og tekið út vörur frá því í apríl 1989. Dómurinn telur engin svik hafa verið viðhöfð, er stofnað var til lánsviðskiptanna, og ákærði beri ekki persónulega ábyrgð á greiðslu úttekta, er fram fóru fyrir 7. júlí 1989, en þá undirritaði ákærði fyrri ábyrgðaryfirlýsinguna, en með undirritun hennar gekk ákærði persónulega í ábyrgð fyrir allt að 4 milljónum. Ákærði ber ekki heldur refsí-ábyrgð vegna úttekta, er fram fóru fyrir þann tíma.

Hinn 3. ágúst 1988 var gert árangurslaust lögtak hjá ákærða, og lýsti hann þá yfir, að hann væri eignalaus. Þú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 18. ágúst, 17 dögum eftir, að ákærði undirritaði ábyrgðaryfirlýsingu og tókst á hendur persónulega ábyrgð á allt að sex milljón króna úttekt Transit hf. hjá BYKO hf. Ákærði skilaði ekki skattframtölum vegna tekna árin 1988 og 1989, en við dómsyfirheyrslu 5. febrúar sl. taldi hann sig hafa haft nálægt eina milljón í launatekjur hvort ár. Samkvæmt skattframtali 1991 voru launatekjur ákærða árið 1990 rúmlega 641 þúsund krónur. Ákærði hefur borið, að hann hafi greint starfsmanni BYKO frá því símleidis, er hann undirritaði síðari ábyrgðaryfirlýsingu, að hann ætti ekki aðrar eignir en eignarhluta

sinn í Transit hf. Engir starfsmanna BYKO, er yfirheyrðir hafa verið, kannast við þetta. Vitnið Árni Árnason greindi frá því, að ekki hefði verið komið í verulegt óefni hjá Transit hf. fyrr en í nóvember 1989, og þá fyrst hefði verið könnuð eignastaða ákærða og komið í ljós, að hann var eignalaus. Ákærði hefur hvað eftir annað lýst því, að hann muni ekki, við hverja hann samdi hjá BYKO, en enginn þeirra hafi velt því fyrir sér, hvort ákærði gæti greitt skuldirnar. Áður bar ákærði, að eignastaða sín hefði ekki skipt BYKO máli. Ákærði kvaðst hafa vonast til, að Transit hf. gæti greitt skuldirnar, og í raun ekki hugsað út í það, hvernig hann gæti greitt skuldirnar, er hann hafði gengið í ábyrgð fyrir.

Ákærði vissi, hvað fólst í því að takast á hendur persónulega ábyrgð, svo sem hann gerði, og fullyrðing ákærða þess efnis, að eignastaða sín hafi ekki skipt BYKO máli, er mjög ótrúleg og fær ekki stuðning í gögnum málsins. Ákærði man ekki, við hvern eða hverja hann samdi hjá BYKO, er ábyrgðaryfirlýsingunum var skilað. Gögn málsins og rannsókn fyrir dóminum leiða það í ljós, að BYKO kannaði ekki eignastöðu ákærða fyrr en haustið 1989, er Transit hf. var komið í þrot. Transit hf. hélt áfram vöruúttektum hjá BYKO út október 1989, í um tvo og hálfan mánuð, eftir að bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta.

Svo sem rakið var, voru launatekjur ákærða á þeim tíma, er í ákæru greinir, ekki þannig, að hann gæti með þeim staðið undir þeim fjárskuldbindingum, er hann tókst á hendur með undirritun ábyrgðaryfirlýsinganna, er í ákæru greinir. Þá bera gögn málsins með sér, að eignastaða ákærða var bágborin á þessum tíma og bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta skömmu síðar, svo sem rakið var. Þá átti ákærða, sem var framkvæmdastjóri og aðalstjórnandi Transit hf. og einn af eigendum, að vera ljós fjárhagsstaða fyrirtækisins og þar með að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð, er því fylgdi að undirrita ábyrgðaryfirlýsingar, og getur ákærði ekki skotið sér á bak við það, að hann hafi vonað, að Transit hf. gæti greitt og að ekki reyndi á ábyrgð ákærða. Dómurinn telur með vísan til alls ofanritaðs sannað, að ákærði hafi leynt því, að hann var eignalaus, er hann undirritaði ábyrgðaryfirlýsingarnar, er í ákæru greinir. Á þennan hátt hagnýtti ákærði sér ranga eða óljósa hugmynd BYKO, og varðar sú háttsemi við 248. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir.

Frá því að ákærði undirritaði fyrri ábyrgðaryfirlýsinguna 7. júlí 1989 og allt til þess tíma, er viðskiptin lögðust af, voru teknar út vörur fyrir 9.725.408 kr., en skuldastaðan í lok tímabilsins var 5.303.801 kr.

### Ákæruliður II, 1-3.

Ekki er sannað, að ákærði hafi beinlínis séð um gerð þeirra þriggja kaupsamninga, er hér um ræðir, svo sem ákært er út af, og er ekki beinlínis

ákært fyrir sviksamlega stofnun samninga, og er hann því sýknaður af þeim þætti þessa ákæruliðar. Ákærði annaðist hins vegar allar fjárreiður fyrir-tækisins, og allt fé, er inn kom vegna þessara þriggja kaupsamninga, fór um hendur ákærða. Ákærði hefur viðurkennt, að ekkert af þessu fé hafi farið til að efna kaupsamningana. Ákærði dró sér alla þessa fjármuni og notaði féð til að rétta af annan hallarekstur fyrirtækisins og þannig til annarra hluta en að efna kaupsamningana. Þessi háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur frá árinu 1983 gengist undir þrjár dómsáttir fyrir um-ferðarlagabrot.

Svo sem rakið hefur verið, eru eftirstöðvar úttektar hjá BYKO rúmar 5,3 milljónir, og er ákærði sakfelldur fyrir fjársvik í tengslum við þau viðskipti. Auk þessa er ákærði sakfelldur fyrir fjárdrátt upp á tæpar 6,4 milljónir. Brot ákærða eru stórfelld, og bakaði ákærði BYKO og einstaklingum mikið fjárhagslegt tjón með brotum sínum. Refsing ákærða þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi tólf mánuði. Ákærði hefur ekki fyrr gerst brotlegur við almenn hegningarlög, og þykir eftir atvikum rétt að fresta fullnustu níu mánaða af refsivistinni skilorðsbundið í þrjú ár frá upp-kvaðningu dóms þessa að telja, og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Lögð hefur verið fram skaðabótakrafa fyrir hönd Braga Magnússonar, Arahólum 6, Reykjavík. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða Braga 2.254.000 kr. auk dráttarvaxta frá 26. október 1989 til greiðsludags.

Ákærði vísaði kröfunni á bug og kvaðst ekki taka á sig persónulega ábyrgð vegna hennar, en taldi eðlilegt, að kröfunni hefði verið lýst í þrotabú Transit hf.

Meginreglan um hlutafélög er sú, að enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978. Svo sem lýst hefur verið, var ákærði einn eigenda, framkvæmdastjóri og aðalstjórnandi Transit hf. og annaðist allan rekstur fyrirtækisins, og komu aðrir stjórnarmenn þar hvergi nærri. Ekki voru haldnir stjórnarfundir, og tók ákærði allar ákvarðanir fyrir félagið, jafnt um fjármál sem önnur málefni. Ekki voru gerðir ársreikningar fyrir Transit hf. fyrir árin 1988 og 1989. Þá tók ákærði persónulega ábyrgð á greiðslu milljóna króna af skuldum félagsins, svo sem rakið var. Þegar litið er til alls þessa og málavaxta að öðru leyti, telur dómurinn, að starfræksla Transit hf. hafi verið með þeim hætti á þeim tíma, er í ákæru greinir, að um ein-kenni hlutafélags hafi ekki verið að ræða og hagsmunir ákærða og Transit hf. varla sundurgreindir. Vegna alls þessa svo og vegna þess, að ákærði

bakaði Braga Magnússyni tjón með refsiverðri háttsemi sinni, er lýst var að framan, telur dómurinn vera um að ræða sjálfstæðan bótagrundvöll á hendur ákærða. Bragi Magnússon greiddi ýmist í reiðufé, með víxlum eða með skuldabréfi, að fjárhæð 1.069.000 kr., samtals 2.254.000 kr., allt svo sem lýst er í ákæru. Ákærði seldi víxlana og skuldabréfið og dró sér allt féð og notaði svo sem lýst er að framan. Svo sem rakið var, telur dómurinn vera sjálfstæðan bótagrundvöll á hendur ákærða, og er hann dæmdur til að greiða Braga Magnússyni, Arahólum 6, Reykjavík, 2.254.000 kr. auk dráttarvaxta frá 26. október 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði 9/10 hluta sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talinn hluta 120.000 króna málsvarnarlauna til Jóhannesar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hilmar Sigurðsson, sæti fangelsi tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsivistinni skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins að telja og sá hluti refsivistarinnar falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Braga Magnússyni, Arahólum 6, Reykjavík, 2.254.000 kr. auk dráttarvaxta frá 26. október 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði 9/10 hluta sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þ. m. t. 9/10 hluta 120.000 króna málsvarnarlauna til Jóhannesar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns.